

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 25. mars 2024
Málsnúmer: 202402-0067
BK

Efni: Skógrækt á Skógum á Fellsströnd - Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu

Vísað er í tölvubréf gegnum skipulagsgátt, dags. 20. febrúar 2024, þar sem Skipulagsstofnun óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matskyldufyrirspurn vegna skógræktar í landi Skóga á Fellsströnd í Dalabyggð.

Land og skógur er f.h. ríkissjóðs umsjónaraðili Skóga á Fellsströnd og hefur í hyggju að taka til skógræktar hluta þess lands jarðarinnar sem liggur ofan við Efrabyggðarveg. Fyrirhugað skógræktarsvæði er alls 145 ha, en nokkur hluti þess fellur undir svokölluð úrtök og verður undanskilinn skógræktaráformum.

Landið er í hlíðunum niður af Gelti, og nær niður að kverkinni milli Efrabyggðarvegur og Helluár í 120 m h.y.s. og upp í 300 m h.y.s. í Galtarbrekkum. Landinu hallar til suðurs, neðan til er landið aflíðandi ($<5^\circ$), en hallinn er meiri fyrir ofan Hálsagötur sem liggja þvert yfir skógræktarsvæðið um miðbikið.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögnin og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Ísland er aðili að alþjóðlegum samningum um verndun lífríkis og má þar nefna Samning Sameinuðu Þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni (Convention on Biological Diversity) og Bernarsamninginn um verndun tegunda og vistgerða í Evrópu.

Í því ljósi er nauðsynlegt að samræma markmið um verndun líffræðilegrar fjölbreytni og markmið í loftslagsmálum. Á þetta er bent í skýrslu Milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna (IPPC) (Pörtner o.fl. 2021) þar sem m.a. er varað við því að mótvægisáðgerðir sem fela í sér kolefnisbindingu með lífmassa, svo sem stórfelld skógrækt, geta verið skaðlegar fyrir líffræðilega fjölbreytni. Sérstaklega ef notaðar eru framandi tegundir sem reynast ágengar, líkt og getur verið tilfellið með stafafuru hérlendis (Pawel Wasowicz o.fl. 2022)

Þá var nýlega samþykkt Rammasamkomulag um verndun líffræðilegrar fjölbreytni til ársins 2030 á fundi aðildarþjóða Samnings Sameinuðu þjóðanna og þar var m.a. lögð áhersla á að koma verði í veg fyrir að loftslagsáðgerðir hafi neikvæð áhrif á líffræðilega fjölbreytni.

Hér á eftir eru athugasemdir Náttúrufræðistofnunar við tiltekin atriði í greinargerðinni:

„Á vistgerðakorti NÍ má sjá að landið er að stórum hluta flokkað sem votlendi, og þar eð það hefur ekki verið grafið eða ræst fram, þá telst það allt vera ósnortið votlendi. Benda má á að kort þessi byggja á fjarkönnun og hafa innbyggðan breytileika. Þau eru því ekki rétt eða



óbyggjandi heimild um vistgerðir á tilteknu landi, en gefa oft góðar vísbendingar. Ljóst er að gróðurkortlagning verður ekki gerð fyllilega með fjarkönnun einni saman (eins og vistgerðakort NÍ), heldur með því að ganga um svæðið og greina gróðurgerðir. Við lauslega gróðurfarsgreiningu skógfræðings árið 2018 var landið að hluta flokkað sem hálfdeigja, en lítill hluti þess votlendi. Gróft á litið má þó búast við að allt að 100 ha af svæðinu sem telur alls 145 ha geti hentað til skógræktar. Áður en endanleg ræktunaráætlun verður gerð, verður landið allt gróðurgreint, þannig að ekki komi til þess að brotin verði lagaákvæði um vernd votlendis.“

Starungsmýravist er ofmetin á vistgerðakorti NÍ en lyngmóar flokkast ranglega sem starungsmýrar í kortinu og er réttilega bent á það í greinargerð. Eitthvað votlendi finnst þó á svæðinu en hluti þess virðist fremur þurr og gæti verið um deiglendi að ræða þótt ekki sé gott að segja nákvæmlega um vistgerð með loftmyndatúlkun. Í öllu falli ætti ekki að planta í slíkt land, hvort sem um vot- eða deiglendi er að ræða.

„Skógar virðast ekki standa hrossagauk eða þúfutittlingum fyrir þrifum, og óvíst með hvernig því er háttað um rjúpu, þó að margt bendi til að það sé skógarfugl.“

Rjúpur nýta birkiskóga/birkikjarr bæði til varps og eins vetrarbeitar. Í greniskógum/furuskógum er rjúpan til staðar sem varpfugl á fyrstu stigum framvindunnar (fyrstu 15-20 árin) en síðan aðeins jaðarfugl á slíkum svæðum (í stórum rjóðrum og í skógarjaðri) en ekki inni í lundunum sem slíkum. Sama á við um hávaxna birkiskóga þar sem rjúpan er jaðarfugl á varptíma (Ólafur K. Nielsen, munnleg heimild).

„Heiðlóu mun líklega fækka á svæðinu eftir því sem skógur vex upp á búsvæðum þeirra. Jaðrakan, lóupræll og að einhverju leyti spói sækja í votlendi fremur en mólendi.“

Votlendi er mikilvægt vaðfuglum en áhrifa þess gætir langt út fyrir mörk sín sem lýsir sér þannig að varpþéttleiki vaðfugla í þurrlendi í grennd við votlendisbletti er meiri en á sambærilegum svæðum án votlendis. Vegna jákvæðra áhrifa á nærliggjandi vistkerfi, ætti að huga að vernd votlendis út fyrir mörk þess (Tómas G. Gunnarsson 2020).

„Þar eð ekki stendur til að skerða votlendi til þess að taka það undir skógrækt, má kannski helst horfa til þess að vísbendingar eru um að sumar fuglategundir, sem ekki kjósa sér skóg til búsvæða, taki sér síður bólfestu á svæðum nálægt skógi, þó að þau henti þeim að öðru leyti. Áhrifin kunna að ná fáein hundruð metra frá skógarjaðri. Nálægð við skóg virðist ekki skipta máli fyrir varp jaðrakans, en áhrifin eru neikvæð á lóupræl og spóa.“

Hið rétta er að fyrir fimm vaðfuglategundir af sjö, þ.e. heiðlóu, spóa, tjald, lóupræl og jaðrakan, þá er þéttleiki innan 200 m frá skógarjaðri innan við helmingur þess sem hann er fjær og fyrir stelk er þéttleiki lægstur ≤ 150 m frá jaðrinum (Pálsdóttir o.fl. 2022). Áhrifin eru því neikvæð á þessar sex tegundir.



„Það er enn ekki fullljóst hvaða svæði teljast votlendi og því undanskilin skógrækt, og þessvegna ekki vitað hversu uppskipt/tvístrað votlendið verður innan um skóginn.“

Gera má ráð fyrir að mesta fuglalífið innan fyrirhugaðs skógræktarsvæðis sé þar sem hallinn er minnstur (neðan 200 m h.y.s.) Til að draga úr neikvæðum áhrifum á fugla ættu úrtökin á því svæði að mynda eina samfellda heild en alls ekki vera brotin upp með skógrækt.

„Skógrækt eykur skjól í nærumhverfinu og eykur grósku. Ætla má að gróður, vatnsföll og vatnshlot í nágrenninu og innan svæðisins verði fyrir jákvæðum áhrifum, minna vatns- og vindrofi og að vatnsrennsli verði jafnara.“

Vissulega miðla skógar vatni betur en gróðurlítið land en í deigu landi munu þeir líklega breyta vatnsstöðu í landinu sem hefur áhrif á vatnsmiðlun í nærliggjandi vatnsföll. Þá þarf að horfa til þess að trjategundir eins og ösp, sem taka upp mikið vatn úr jarðvegi, geta haft áhrif á jarðvatnsstöðu í nærliggjandi votlendi og deiglendi og þar með gróðurfur innan þess.

„Þegar tímar líða, eftir að skógurinn er kominn af æskuskeiði og trén orðið mótandi þáttur í vistkerfinu, má búast við að aðrar vistgerðir komi í stað þeirra sem fyrir voru, og er verndargildi þeirra eftir atvikum, t.d. kjarrskóga-, lyngskóga- og blómsskógavist (sem allar eru birkiskógavistgerðir), og hafa hátt verndargildi. Ekki hafa enn verið skilgreindar vistgerðir fyrir ræktaða skóga eða skóga af öðrum tegundum. Búast má við að aðrar tegundir sem ekki eru fyrir á svæðinu verði þannig hluti af skógarvistkerfinu þegar tímar líða. Skógur breytir landi, og líffræðileg fjölbreytni á eftir að breytast með vexti skógarins, bæði dýralíf og gróðurfur. Þar sem fyrir er fábrotinn gróður kemur fjölbreyttari undirgróður með annarskonar sveppum, fléttum, flóru og smádýrafánu.“

Vafamál er hvort skógrækt verði flokkuð sem vistgerðir enda um manngert nytjaland að ræða. Því er fremur ólíklegt að hægt verði að jafna birkiskógum í skógræktarreitum við náttúrulega birkiskóga hvað verndargildi vistgerða varðar. Eins orkar tvímælis að bera saman líffræðilega fjölbreytni í tilbúnum vistkerfum við fjölbreytni þeirra vistgerða sem fyrir eru á skógræktarreitnum.

„Líklegt er að þær tegundir lífvera sem bundnar eru þeim búsvæðum sem hverfa af svæðinu þegar landið breytist í skóg, muni fækka en þó er ekki skortur á búsvæðum fyrir þær tegundir í nágrenninu. Ekkert bendir því til að nein þeirra tegunda eigi eftir að eiga undir sérstakt högg að sækja vegna fyrirhugaðrar skógræktar.“

Vaðfuglar (utan hrossagauks) munu hverfa þegar landið breytist í skóg og þéttleiki þeirra einnig minnka á nærliggjandi svæðum. Ekki er hægt að ganga að því vísu að fuglar geti auðveldlega fært sig eitthvert annað enda má reikna með að flestöll hentug búsvæði séu þegar setin af fuglum. Þrátt fyrir stóra stofna þá eru blikur á lofti að tekið sé að þrengja að búsvæðum vaðfugla víða og þar kemur m.a. aukin skógrækt við sögu (Tómas G. Gunnarsson 2020). Því er mikilvægt að tekið sé ríkt tillit til vaðfugla þegar kemur að staðsetningu og skipulagi nýrra skógræktarsvæða.



„Þar sem gróðursett verður að útmörkum samningssvæðisins verður látinn vaxa birkiskógur á 30 m breiðu belti. Þetta minnkar til muna hugsanlega útsáningu stafafuru. Sé útbreiðsla stafafuru út fyrir samningssvæðið á annað borð óæskileg, er hægt að ganga á fátta ára fresti umhverfis það og slíta upp eða saga þær fáu furur sem hugsanlega finnast. Þær eru grænar allt árið og sjást vel. Sjálfsáning stafafuru er alla jafna afar lítil út fyrir skógræktarreiði, þó að stakar plöntur geti fundist í meira en km fjarlægð.“

Stafafura sáir sér vel út í birkiskóg og fundust dæmi um slíkt í rannsóknum í Steinadal (Pawel Wasowicz o.fl. 2022). Þó að mesti fræþéttleikinn sé oftast innan 60 m frá móðurplöntunni sýna dæmi erlendis frá að fræ geta borist marga kílómetra (sjá heimildir í Pawel Wasowicz o.fl. 2022). Í Steinadal fundust ungar stafafuruplöntur í meira en 1 km fjarlægð frá skógræktinni en þar sem rannsóknarsvæðið var bundið við dalinn er ekki útilokað að fræ hafi borist enn lengra.

Þessi dreifingargeta gerir það að verkum að erfitt yrði að hafa fullnægjandi eftirlit með útsáningu á þessum slóðum og í varúðarskyni ætti því ekki að notast við stafafuru, tegund sem uppfyllir allar skilgreiningar á ágengri framandi tegund (Pawel Wasowicz o.fl. 2022).

Af því gefnu að tekið verði tillit til ofangreindra athugasemda Náttúrufræðistofnunar, einkum er varðar stafafuru og aðgerðir til að draga úr neikvæðum áhrifum á vaðfugla, þá er fyrirhuguð skógrækt ekki líkleg til að hafa umtalsverð neikvæð umhverfisáhrif.

Heimildir:

Pawel Wasowicz, Guðrún Óskarsdóttir, Guðrún Gísladóttir og Þóra Ellen Þórhallsdóttir 2022. Stafafura (*Pinus contorta*) í Steinadal - mat á ágengni. Icelandic Institute of Natural History, bls. 1–35.

Pálsdóttir, A. E., Gill, J. A., Alves, J. A., Pálsson, S., Méndez, V., Ewing, H. & Gunnarsson, T. G. 2022. Subarctic afforestation: Effects of forest plantations on ground-nesting birds in lowland Iceland. *Journal of Applied Ecology*, 59(10), 2456–2467. <https://doi.org/10.1111/1365-2664.14238>

Pörtner, H.O., R.J. Scholes, J. Agard et al. 2021. Scientific outcome of the IPBES-IPCC co-sponsored workshop on biodiversity and climate change. Útg. 5. doi: 10.5281/zenodo.5101125. url: <https://doi.org/10.5281/zenodo.5101125>

Tómas Grétar Gunnarsson 2020. Búsvæði og vernd íslenskra vaðfugla. *Náttúrufræðingurinn* 90 (2–3) bls. 145–162.

Virðingarfyllst,

Borgný Katrínardóttir
Líffræðingur, svið náttúruverndar



Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Búðardalur 21. mars 2024

Efni: Umsögn Dalabyggðar um matskyldufyrirspurn vegna skógræktar í landi Skóga

Vísað er til tilkynningar til ákvörðunar um matskyldu vegna áforma um 145 ha skógrækt í landi Skóga á Fellströnd í Dalabyggð sem er til kynningar í Skipulagsgáttinni, mál nr. 185/2024.

Sameinuð stofnun Landgræðslunnar og Skógræktarinnar, Land og skógur hefur í hyggju að taka til skógræktar hluta lands jarðarinnar Skóga á Fellsströnd sem liggur ofan við Efrabyggðarveg í Dalabyggð. Fyrirhugað skógræktarsvæði er alls 145 ha, en nokkur hluti þess felur undir sk. úrtök og verður undanskilinn skógræktaráformum.

Dalabyggð hefur kynnt sér greinargerð um verkefnið dags. 19. febrúar 2024. Fyrir liggur fornleifaskráning á framkvæmdasvæðinu unnin 2023.

Dalabyggð hefur mótað sér stefnu um skógrækt í sveitarfélaginu í Aðalskipulagi Dalabyggðar 2020-2032. Meðal markmiða um landbúnað eru:

- *Efla skógrækt á svæðinu til viðarframleiðslu, útivistar, skjóls og landbóta. Einnig að skógrækt öðlist viðurkenningu sem þýðingarmikil atvinnugrein.*
- *Skógræktarsvæði verði skipulögð með tilliti til hættu af völdum gróðurelda.*
- *Stuðlað verði að verndun votlendis, m.a. með afmörkun hverfisverndarsvæða.*
- *Varast ber notkun tegunda sem ógna líffræðilegum fjölbreytileika í skógrækt.*

Á landbúnaðarsvæðum utan landbúnaðarlands í flokki I er skógrækt heimil, allt að 200 ha, án þess að breyta aðalskipulagi þessu sbr. skipulagsákvæði fyrir landbúnaðarsvæði (kafla 17.13). Við val á svæðum til skógræktar skal sneitt hjá þekktum náttúru- og menningarminjum sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd og menningarminjar og tryggja verndun líffræðilegs fjölbreytileika, sbr. kafla 5.

Skógræktarframkvæmdin, eins og henni er lýst í greinargerð með tilkynningu, er í samræmi við aðalskipulag Dalabyggðar. Skógræktin er háð framkvæmdaleyfi Dalabyggðar.

Umhverfis- og skipulagsnefnd Dalabyggðar telur að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, líklegum áhrifum á umhverfispætti og mótvægisáðgerðum í tilkynningu Lands og skógar. Umhverfis- og skipulagsnefnd telur að framkvæmdin sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum framkvæmda skv. lögum nr. 111/2021 að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laganna.



Heilbrigðiseftirlit
Vesturlands

Skipulagsstofnun

Sent í Skipulagsgátt 19. mars 2024

Dalabyggð skógrækt á Skógum Fellsströnd – Tilkynning til ákvörðunar um mats skyldu.

Heilbrigðiseftirliti Vesturlands barst erindi úr Skipulagsgáttinni þann 12. febrúar 2024.

Heilbrigðiseftirlit Vesturland bendir á að sýna þarf vatnsverndarsvæði í gögnum málsins og jafnframt að upplýsa um hvaða tegundir af skógplöntum eigi að setja niður. Heilbrigðiseftirlitið fer fram á að áhættumati sé skilað inn vegna vinnu innan vatnsverndarsvæðis. Bæði er áhætta af umferð innan vatnsverndarsvæðis sem og mögulega ef skógur breytir sýrustigi jarðvegs svo dæmi sé tekið, sama má segja um umferð vegna skógarhöggs á síðari stigum. Í ljósi umfangs framkvæmda og þess að litlar upplýsingar liggja fyrir um náttúru svæðisins er ekki óeðlilegt að framkvæmdin fari í umhverfismat. Jafnframt væri æskilegt að fá annað mat á kolefnislosun úr jarðvegi sem er opnaður á gróðursetningartímanum.

Heilbrigðiseftirlitið myndi gefa leyfi fyrir framkvæmdum innan vatnsverndarsvæðisins og setja því skilyrði.

Virðingarfyllst,

Þorsteinn Narfason,
framkvæmdastjóri.



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Vesturlands
Hafnargata 3 340
Stykkishólmur (354) 570 13
12 (354) 895 18 80
www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105Reykjavík

Stykkishólmur, 19. mars 2024
MÍ202403-0124/ 6.07 / M.A.S.

Efni: Dalabyggð. Skógrækt á Skógum á Fellsströnd , nr. 0185/2024: Tilkynning um framkvæmd (Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu)

Skipulagsstofnun óskaði, með tölvupósti 22. febrúar 2024, eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um hvort skógrækt á Skógum á Fellsströnd, nr. 0185/2024, skuli háður mati á umhverfisáhrifum.

Magnús A Sigurðsson
Minjavörður
magnus@minjastofnun.is

Sameinuð stofnun Landgræðslunnar og Skógræktarinnar, Land og skógur hefur í hyggju að taka til skógræktar hluta lands jarðarinnar Skóga á Fellsströnd sem liggur ofan við Efríbyggðarveg í Dalabyggð. Fyrirhugað skógræktarsvæði er alls 145 ha, en nokkur hluti þess felur undir sk. úrtök og verður undanskilinn skógræktaráformum.

Fyrirhugað skógræktarsvæði var skráð 2023 (Rúna K. Tetzschner og Ragnheiður Traustadóttir 2023. *Skógar á Fellsströnd. Fornleifaskráning vegna deiliskipulags*. Antikva ehf.) Innan svæðisins má finna ýmsar menningarminjar. Helstu minjar innan skógræktarsvæðisins eru vörður, mógrafir og byrgi, auk Hálsagatna, sem var þjóðleidd milli Túngarðs og Valþúfu en lagðist að mestu af þegar fjölfarnara varð austan við túngarðinn á Skógum. Göturnar sjást enn vel, enda grjót undir. Ekki verður gróðursett í 15 m helgunarsvæði umhverfis fornleifar, skv. lögum um menningarminjar. Hálsagötur teljast menningarminjar, og falla því undir 15 m helgunarsvæði. Skógræktin hefur fengi leyfi að nota göturnar til umferðar.

Nú þegar fullnægjandi upplýsingar hafa borist telur Minjastofnun Íslands ekki að ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði hafa verið skráðar og settar inn á loftmynd/korti og ekki þarf að grípa til mótvægisáðgerða.

Minjastofnun Íslands hefur ekki frekari athugasemdir við fyrirhugaða framkvæmd.

Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,



Magnús A Sigurðsson
Minjavörður Vesturlands